smáauglýsingar — smáauglýsingar — smáauglýsingar — smáauglýsingar

húsnæði í boði

Keflavík — Suðurnes
Til sölu m.a:

Í Sandgerði
einbýlishús og hæðir

Í Garði
einbýlishús og 120 fm íbúð.

Í Grindavík
Nýtt raðhús, næstum fullgert.

Í Njarðvík
Íbúðir af ýmsum gerðum.

Í Keflavík
Ýmsar gerðir einbýlishúsa. Sum ný og nýleg. Íbúðir af ýmsum stærðum og gerðum. Margs konar skipti möguleg. 3ja herb. íbúðir tilbúnar undir tréverk. Eigna og verðbréfasalan, Hringbraut 90 sími 92-322.
Friðrik Sigfússon, fasteignaviðskipti, Gísli Sigurkarlsson, lögmaður.

Keflavík
Til sölu rúmgóðar 3ja herb. íbúðir við Nónvörðu, með sér inngangi og þvottahúsi. Íbúðirnar verða seldar glerjaðar og fullfrágengnar að utan, með útidyra og svalahurðum.
Fasteignasalan, Hafnargötu 27, Keflavík, sími 1420.

óskast keypt

Brotamálmur
er fluttur að Ármúla 28, sími 37033. Kaupi allan brotamálm langhæsta verði. Staðgreiðsla.

þjónusta

Aðstoð við skattframtöl
bókhald og skattskil fyrirtækja.
Bókhaldsþjónusta Ingólfs Hjartarsonar hdl. Laugaveg 18, sími 27040.

Tökum að okkur
skattframtöl fyrir einstaklinga.

Skattframtöl 1977
Sigfinnur Sigurðsson hagfræðingur Bárugata 9, Reykjavík, s. 14043 og 85930.

Skattframtöl 1977
Góðfúslega pantið tíma sem fyrst.
Haraldur Jónasson hdl.
Sími 27390.

Framtalsaðstoð
tímapantanir í síma 21557
Þórir Ólafsson,
hagfræðingur.

Lögfræðiskrifstofa Garðars Garðarssonar hdl. Tjarnargötu 3, Keflavík, sími 1733.

Skattframtöl 1977
Ingvar Björnsson hdl. Strandgötu 11, sími 53590.

Skattframtöl
Aðstoð við gerð skattframtala
Vinsamlega pantið tíma strax
sími 17221.

til sölu

Útsala Útsala
Kjólar, stuttir og síðir. Sloppar, blússur, bolir. 20—80% verðlækkun.
Dragtin, Klapparstíg 37.

atvinna

Rangæingar
Samkór Rangæinga vantar söngfólk. Uppl. í síma 99-5234 milli kl. 7 og 8 á kvöldin.

félagslíf

I.O.O.F. ≡ Ob.1P. ≡ 1581188½

I.O.O.F. Rb.4 ≡ 1261188½ —

☐ EDDA 59771187-1 Atkv.

Aðalfundur Skíðadeildar Fram
verður haldinn fimmtudaginn 20. janúar n.k. kl. 20.30 í félagsheimili Fram við Safamýri. Dagskrá, venjuleg aðalfundarstörf. Kosning stjórnar. Félagar mætið vel og stundvíslega. — stjórnin

Kvenfélag Neskirkju
Spilafundur félagsins verður haldinn í félagsheimilinu fimmtudaginn 20. janúar kl. 8.30.
Kaffiveitingar að lokinni spilamennsku.
Félagskonur fjölmennið og takið með ykkur gesti.
Stjórnin.

K.F.U.K. Reykjavík
Kvöldvaka kl. 20.30 í kvöld. Efni: Kristið heimili. Kaffiveitingar.
Stjórnin.

Fíladelfía
Almennur biblíulestur í kvöld kl. 20.30 Guðmundur Markússon.

raðauglýsingar — raðauglýsingar — raðauglýsingar

bátar — skip

Bátar til sölu
2 — 3 — 4 — 5 — 6 — 10 — 11 — 12 — 15 — 30 — 36 — 38 — 45 — 52 — 64 — 71 — 76 — 130 — 135 — 300 tonn.
Fasteignamiðstöðin.
Austurstræti 7, sími 14120.

til sölu

Til sölu
er verzlun úti á landi. Í góðu húsnæði. Tilboð sendist Mbl. merkt: „verzlun — 2749", fyrir 27. janúar.

Inni og útipóstkassarnir
komnir aftur.
Nýja Blikksmiðjan Ármúla 30, sími 81104.

Áttræð:

Steinunn Þ. Guðmundsdóttir frá Heinabergi

Í dag á áttræðisafmæli Steinunn J. Guðmundsdóttir, lengst af húsfreyja á Heinabergi á Skarðsströnd, en nú búsett í Búðardal við Hvammsfjörð. Mig langar að minnast þessarar ágætu konu á þessum merkisdegi hennar og árna henni allra heilla.

Steinunn fæddist á Óspakseyri í Strandasýslu 18. janúar 1897, næst yngst 12 barna hjónanna sem þar bjuggu, Guðmundar Einarssonar frá Snartartungu í Bitru og Maríu Jónsdóttur frá Ásgarði í Dölum.

Árið 1921 um sumarið skömmu fyrir heyannir gekk hún að eiga Steingrím Samúelsson bónda í Miklagarði í Saurbæ. Bjuggu þau þar í nærfellt 15 ár og eignuðust sjö börn, fjórar dætur og þrjá syni og ólu upp tvo fóstursyni.

Vorið 1936 fluttust þau búferlum í næstu sveit að Heinabergi á Skarðsströnd, en þá jörð hafði Steingrímur keypt ásamt fjórða hluta Akureyja. Á Heinabergi bjuggu þau í rúma tvo áratugi með myndarbrag.

Bæði í Miklagarði og á Heinabergi var jafnan mjög gestkvæmt, en þau Steinunn og Steingrímur voru bæði vinsæl og frændmörg og gestrisni þeirra viðbrugðið.



Þau hjón voru samhent til flestra hluta og samrýnd í besta lagi og mikið jafnræði með þeim. Steingrímur var stórhuga bóndi og framfarasinnaður og Steinunn húsfreyja stjórnaði heimilinu með hljóðlátri reisn og virðuleika.

Bæði tóku þau virkan þátt í félagsmálum sinnar sveitar og gegndu trúnaðarstöðum á þeim vettvangi.

Eftir að þau hjón brugðu búi áttu þau heima um árabil að Tjaldanesi í Saurbæ, en þar býr Kristinn sonur þeirra ásamt konu sinni Hildi Eggertsdóttur. Hin síðustu ár voru þau í heimili hjá tengdadóttur sinni, Unu Jóhannsdóttur í Búðardal, en hún er ekkja elsta sonar þeirra, Boga, og hefur reynst þeim sönn dóttir. Steingrímur lést haustið 1974 á 89. aldursári.

Það er stundum haft á orði, að á þessari öld hafi orðið hér á landi meiri og róttækari breytingar á nær öllum sviðum þjóðlífsins en átt höfðu sér þar áður allt frá upphafi Íslandsbyggðar. Um þetta hygg ég að flestir séu sammála. Þó er einn sá þáttur, sem mér segir svo hugur um að sé ennþá samur og áður að eðli og inntaki, en það er hin gamla, þjóðlega menning fólksins í landinu, borin uppi öldum saman af allri alþýðu manna og best hefur varðveist allt fram á okkar daga í sveitum landsins. Því kemur mér þetta í hug, að mér finnst eftir rúmlega tuttugu ára náin kynni, að Steinunn Guðmundsdóttir sé besti fulltrúi þessarar sönnu menningar sem ég hefi kynnst. Í lífi sínu og starfi hefur hún lagt ólítið af mörkum til að viðhalda og skila þessari dýrmætu arfleifð til næstu kynslóða. Hún þekkir ekki hugtakið kynslóðabil nema þá af afspurn.

Steinunn Guðmundsdóttir er gáfuð kona, víðlesin, skáldmælt vel, hafsjór fróðleiks og hefur ríka og þroskaða frásagnargáfu. Sá þáttur í skapgerð hennar og eðli sem ég met þó mest er góðvild og mildi. Hún leggur jafnan gott eitt til í hverju máli og leggur hverjum út til betri vegar. Samfylgd með slíku fólki er góð.

Þessum fáu orðum læt ég lokið með innilegum afmæliskveðjum og ósk um fagurt ævikvöld.

Steinunn mun í dag gleðjast í hópi ættingja og vina á heimili Guðrúnar dóttur sinnar og tengdasonar Arna Gíslasonar að Kvistalandi 3. ÓSTS

Sextugur:

Stefán Bjarnason yfirlögregluþjónn

Í dag, 18. janúar, er Stefán Bjarnason yfirlögregluþjónn á Akranesi sextugur. Stefán er fæddur á Sauðárkróki, en fluttist 10 ára gamall til Siglufjarðar, og þar liðu unglingsárin. Árið 1941 flyst Stefán til Akraness og tekur þar við löggæslustörfum, og þar hafa manndómsárin liðið.

Auk starfs síns hefur Stefán átt mörg áhugamál, en eitt gnæfir þó yfir öll hin, en það er söngurinn. Stefán hefur góða bassarödd og beitir henni af kunnáttu. En Stefán er ekki bara söngmaður hann er fyrst og fremst driffjöður í sönglífi bæjarins.

Karlakórinn Svanir er nú orðinn 62 ára gamall. Á þessari löngu ævi hafa skipst á skin og skúrir. Margir hafa haldið þar um stjórnvöl, bæði sem söngstjórar og formenn. Enginn hefur verið formaður eins lengi og Stefán, eða allt frá 1954 til dagsins í dag með aðeins 2 ára hléi 1966—1968. Í formannstíð Stefáns hefur kórinn náð lengst og haldið sínar bestu söngskemmtanir.

Það myndast mikil eyða í menningarlíf bæjar á stærð við Akranes, þegar karlakór staðarins leggst í dvala. Þetta fundum við vel árin 1967—1973, en enn á ný tókst Stefáni og félögum hans að koma æfingum í gang og halda glæsilega upp á 60 ára afmælið með ágætum konsert. Það var því vel við hæfi, að hann var sæmdur heiðursmerki Landssambands íslenskra karlakóra við það tækifæri.

Við félagarnir í Svönunum eigum Stefáni mikið að þakka. Án hans forystu hefði margt farið öðru vísi.



Þá metum við félagarnir mikils drenglyndi hans, glaðværð og þann góða félagsanda sem honum hefur tekist að skapa innan kórsins.

Við óskum þér, Stefán, til hamingju á þessum tímamótum og óskum þér og Vilborgu gæfu og gengis um ókomin ár.

Kórfélagar.

— Endurnýjun

Framhald af bls. 12.

greiddur niður matur til starfsmanna stofnana á almennum matsölustöðum. Við það mundi líf á daginn og einnig á kvöldin stórkostlega aukast. Sölubúðir í miðbænum ættu jafnframt að hafa leyfi til lengri opnunartíma fram eftir kvöldi og jafnvel um helgar.

Hvers vegna er þá lagt til að húsnæði í miðbænum verði aukið um 200.000 fm á skipulagstímabilinu?

Þetta er aðal-spurningin. Ég fæ ekki séð að þess gerist nokkur þörf. Að vísu eru víða ljótar kalskemmdir í byggðinni, einkum umhverfis stórbyggingar. Nauðsynlegt er að byggja í þannig skörð til að gera borgina heillegri. Hins vegar sýnist mér engin frambærileg ástæða til þess, að húseigendur séu hvattir til að rífa hús sín með vilyrðum um að þeir fái að byggja stærri hús í staðinn. Spurningunni verða því aðrir að svara og mun væntanlega ekki standa á því.

Augljóst er að hér er drepið á fátt eitt úr flóknu samhengi enda ekki annar vegur í stuttri grein. Líta verður til mála í ljósi heildarskipulags höfuðborgarsvæðisins. Ekki er laust við að sá grunur vakni, þegar litið er yfir skipulagssýninguna að skort hafi á slíka heildarsýn við þá endurskoðun aðalskipulagsins, sem nú hefur farið fram. Einstakir skipulagsþættir virðast skoðaðir og metnir án verulegra athugana á áhrifum og tengslum við aðrar skipulagsákvarðanir. Það er að vísu mannlegt að vilja skipta flóknu máli í afmörkuð viðfangsefni. Á sviði borgarskipulags er það þó því miður ekki hægt.

Þau sjónarmið er hér hefur verið imprað á, eru að mínu áliti ekki einungis jákvæð fyrir hag eldri hverfanna í Reykjavík, heldur einnig miðað við skipulag höfuðborgarsvæðisins almennt og þjóðarhag.

Hróbjartur Hróbjartsson